

Nd.

150. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. des.)

1. gr.

1. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) á Íslandi. Hún lætur starfrækja í Reykjavík hljóðvarps- og sjónvarpsstöð og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu. Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni Ríkisútvarpið og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

1. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða til Ríkisútvarpsins árlegt afnotagjald. Eigandi sjónvarpsviðtækis skal jafnframt talinn eigandi hljóðvarpsviðtækis, ef viðtæki hans má nota til hljóðvarpsmóttöku. Innheimta skal sérstakt hljóðvarpsgjald og sérstakt sjónvarpsgjald.

3. gr.

5. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps (hljóðvarps og sjónvarps), gjaldskyldu útvarpsnotenda, innheimtu afnotagjalds og greiðslur fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að sérstakt gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Heimilt er að ákveða í reglugerð um innsíglun tækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti eða gjaldhækkun vegna greiðsludráttar.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi afnot viðtækja, svo og reglur um sölu, afhendingu og leigu viðtækja. Enn fremur að kveða á um tilkynningarskyldu og notkun nafnskírteina í þessu sambandi.

4. gr.

Við lögina bætist ný grein, er verði 17. gr. og orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 25 milljónum króna, eða samsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, og endurlána þau Ríkisútvarpinu til að koma upp aðalendurvarpsstöðvum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.